



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

STEFNA MINJASTOFNUNAR ÍSLANDS

2018–2020

Svartibakki í Austurdal, Skagafirði

| Minjastofnun Íslands | Suðurgötu 39 | 101 Reykjavík |
| Sími 570 1300 | postur@minjastofnun.is | www.minjastofnun.is |

STEFNA 2018–2020

Útgefandi:

Minjastofnun Íslands

Suðurgötu 39

101 Reykjavík

Sími: 5701300

postur@minjastofnun.is

www.minjastofnun.is

Hönnun og umbrot: *Hunang · Sigrún Sigvaldadóttir*

Myndir: *Minjastofnun Íslands*

Prentun:

ISBN: 978-9935-9403-0-8

© Minjastofnun Íslands

STEFNA
MINJASTOFNUNAR
ÍSLANDS

2018–2020



Minjastofnun
Íslands



Lindarbakki í Breiðdal, Breiðdalshreppi

EFNISYFIRLIT

FRAMTÍÐARSÝN	5
INNGANGUR	7
STEFNA MINJASTOFNUNAR ÍSLANDS	11
1. Styrking minjavörslu fornleifa og byggingararfs	13
2. Vitundarvakning og miðlun	17
3. Efling skráningar jarðfastra menningarminja og aðgengi að gögnum	21
4. Efling rannsókna á jarðföstum menningarminjum	25
5. Sjálfbær nýting jarðfastra minja í þágu samfélagsins	29
6. Samvinna og aðkoma almennings að minjavernd	33
EFTIRFYLGNI / ENDURSKOÐUN	36

FORSTÖÐUMAÐUR MINJASTOFNUNAR ÍSLANDS:

Kristín Huld Sigurðardóttir

Suðurgötu 39

VERKEFNISSTJÓRN:

Agnes Stefánsdóttir

Ásta Hermannsdóttir

Esther Anna Jóhannsdóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir

Pétur Ármannsson

Þór Hjaltalín

RÁÐGJÖF:

Hagvangur/Sigurjón Þórðarson

FRAMTÍÐARSÝN

Verndun menningarminja er órjúfanlegur hluti af íslensku samfélagi. Minjarnar eru uppspretta innblásturs og upplifunar og viðfangsefni rannsóknna. Íbúar landsins eru virkir þátttakendur í minjavernd, menningarminjar eru nýttar á sjálfbæran hátt og þekkingu um þær er miðlað á fjölbreyttan máta til allra landsmanna.



*Fundur forstöðumanna
minjastofnana í Evrópu á Íslandi
© Íris Stefánsdóttir*



Seljavallalaug undir Eyjafjöllum



Djúpivogur



Flatey á Breiðafirði

INNGANGUR

Þann 1. janúar 2013 tóku gildi lög um menningarminjar nr. 80/2012 sem breyttu mjög umhverfi minjavörslunnar. Stjórnarsýsla málaflokksins var sett í hendur nýrrar stofnunar: Minjastofnunar Íslands, sem nýtur ráðgjafar tveggja nefnda: fornminjanefndar og húsafriðunarnefndar. Átta minjaráð, sem starfa innan hvers landshlutasambands, veita stofnuninni einnig ráðgjöf.

Minjastofnun Íslands annast framkvæmd minjavörslu og vernd menningarminja í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar í umboði fagráðuneytis. Minjastofnun Íslands er ætlað umfangsmikið hlutverk eins og lesa má í lögum um menningarminjar og fleiri lögum. Meðal verkefna stofnunarinnar eru umsýsla og úthlutun úr tveimur sjóðum, fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði, leyfisveitingar vegna útflutnings á gripum auk fjölbreyttra verkefna vegna leyfisveitinga, umsagna, eftirlits og ráðgjafar um fornminjar og byggingararf. Ný ákvæði í lögum um að öll hús á Íslandi eldri en 100 ára séu friðuð hafa aukið til muna verkefni stofnunarinnar sem og það hlutverk hennar að færa í gagnagrunna margvíslegar upplýsingar um fornleifa- og byggingararfinn. Minjastofnun Íslands er jafnframt falið að annast framkvæmd laga um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011. Þá annast stofnunin framkvæmd laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 og gegnir ákveðnu hlutverki samkvæmt ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013, laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995, skipulagslaga nr. 123/2010, laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum nr. 20/2016 og laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, auk fjölda

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

reglugerða þar sem stofnunin er meðal umsagnaraðila um hin ýmsu málefni. Minjastofnun leggur að auki tillögur fyrir ráðherra um heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja í samráði við söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja. Sú vinna hefst árið 2018.

Minjastofnun Íslands er skipt í fjögur svið: rannsókn- og miðlunar-svið, umhverfis- og skipulagssvið, minjavarðasvið og skrifstofu. Stofnunin leggur áherslu á samvinnu allra sviða til að tryggja farsælar og markvissar lausnir í þeim málum sem á borð stofnunarinnar berast. Fjögur teymi starfa þvert á öll svið: úthlutunarteymi, miðlunarteymi, skráningarteymi og friðlýsingarteymi og eiga þau að tryggja markvissa ákvarðanatöku og að hugsað sé heildstætt áður en ákvarðanir eru teknar um úthlutanir úr sjóðum, friðlýsingar minja, skráningu þeirra eða miðlun upplýsinga um þá málaflokka sem stofnunin sinnir. Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar fornminja- og húsafriðunarnefnda vegna friðlýsingarmála og úthlutunar styrkja. Tillögur að friðlýsingu og afnámi friðlýsingar fornleifa og byggingararfs sem og breytingar á þegar friðlýstum byggingum og mannvirkjum eru jafnframt kynntar nefndunum og óskað eftir umsögnum þeirra. Sé um að ræða nýja friðlýsingu gerir stofnunin tillögu til ráðherra um friðlýsinguna og tekur hann endanlega ákvörðun þar að lútandi. Umsóknir um styrki úr fornminja- og húsafriðunarsjóðum eru lagðar fyrir nefndirnar og óskað eftir mati þeirra og umsögnum, en endanlegar ákvarðanir um styrkúthlutanir er teknar af stofnuninni. Landinu er skipt upp í átta minjasvæði og starfar minjaráð á hverju

svæði fyrir sig sem skipað er sex aðilum auk minjavarðar, sem stýrir starfi ráðsins. Minjaráðunum er ætlað að koma með tillögur um verndun, miðlun, rannsóknir og nýtingu minja á sínum heimasvæðum.

UM STEFNUNA

Vinna við mótun stefnunnar sem hér er kynnt hófst haustið 2014. Lögð var áhersla á samráð og var hagsmunaaðilum boðið til opinna umræðufunda sem haldnir voru á átta stöðum á landinu. Sendur var tölvupóstur til hagsmunaaðila, en fundirnir voru einnig auglýstir í héraðsblöðum, á heimasíðu Minjastofnunar Íslands og Facebook. Tæplega 150 manns mættu á þessa fundi. Send var út skoðanakönnun sem yfir 200 svör bárust við og fengust þar gagnlegar upplýsingar sem nýttar voru við stefnumótunina. Haldnir voru sérstakir fundir með samtökum og aðilum sem hafa mikilla hagsmuna að gæta, svo sem Sambandi íslenskra sveitarfélaga, arkitektum, fornleifafræðingum, minjaráðum, söfnum, og ekki síst ráðgjafarnefndum. Reyndust ábendingar samráðsaðila ómetanlegar við mótun metnaðarfullrar en jafnframt raunsærrar stefnu um starfsemi Minjastofnunar Íslands við verndun og nýtingu fornleifa og byggingararfs.

Stefnan nær til stjórnsýslu í málefnum fornleifa, menningar- og búsetu-landslags, minningarmarka, húsa og annarra mannvirkja sem njóta verndar samkvæmt ákvæðum laga um menningarminjar, laga um verndarsvæði í byggð og laga um skil menningarverðmæta til annarra landa. Stefnan gildir

fyrir tímabilið frá 2018 til 2020. Í stefnunni er lögð áhersla á opna og gegnsæja stjórnýslu, fagmennsku, aukna vitund almennings, þekkingaröflun með skráningu og rannsóknum og samvinnu þeirra sem að málaflokknum koma. Hvatt er til sjálfbærrar nýtingar minja til hagsældar fyrir samfélögin þar sem minjarnar eru. Mikilvægt er að tekið sé tillit til jarðfastra menningarminja við alla áætlanagerð enda um óendurnýjanlega auðlind að ræða fyrir íslenskt samfélag og einstaka arfleifð fyrir mannkyn allt.

Minjastofnun Íslands þakkar innilega öllum þeim sem komu að gerð stefnunnar.

GILDIN SEM LÖGD ER ÁHERSLA Á Í STEFNUNNI ERU:

- **VIRÐING** STENDUR FYRIR VIRÐINGU FYRIR MINJUNUM EN EINNIG HVERT ÖÐRU OG ÞVÍ STARFI SEM INNT ER AF HENDI Í MINJAVÖRSLUNNI.
- **FAGMENNSKA** Á VIÐ UM ÖLL STÖRF Í MINJAVÖRSLUNNI ÞAR SEM FAGMANNLEG OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ SKULU ÆTÍÐ VIÐHÖFÐ.
- **SAMVINNA** ER LYKILHUGTAK Í MINJAVERND. ÁBYRGÐIN Á VARÐVEISLU MENNINGARMINJA ER SAMEIGINLEG OG ÞVÍ ER MIKILVÆGT AÐ ALLIR ÍBÚAR LANDSINS VINNI SAMAN AÐ VERNDUN ÞEIRRA.

STEFNAN HEFUR SEX MEGINMARKMIÐ:

1. STYRKING MINJAVÖRSLU FORNLEIFA OG BYGGINGARARFS
2. VITUNДАРVAKNING OG MIÐLUN
3. EFLING SKRÁNINGAR JARÐFASTRA MENNINGARMINJA OG AÐGENGI AÐ GÖGNUM
4. EFLING RANNSÓKNA Á JARÐFÖSTUM MENNINGARMINJUM
5. SJÁLFBÆR NÝTING JARÐFASTRA MINJA Í ÞÁGU SAMFÉLAGSINS
6. SAMVINNA OG AÐKOMA ALMENNINGS AÐ MINJAVERND

Hvert meginmarkmið hefur tvö eða fleiri undirmarkmið. Hvert undirmarkmið hefur eina eða fleiri aðgerðir sem útlistaðar eru í aðgerðaáætlun. Áætlunin er umfangsmikil og tekur reglulega breytingum þar sem nýjar aðgerðir taka við af þeim sem lokið er við. Hún er því uppfærð á hverju ári eða eftir þörfum. Gildandi aðgerðaáætlun má nálgast á heimasíðu Minjastofnunar Íslands: www.minjastofnun.is.



Suðurlús í Borgarhöfn, Suðursveit

1. STYRKING MINJAVÖRSLU FORNLEIFA OG BYGGINGARARFS

Forsenda þess að markmið stefnunnar náist er að Minjastofnun Íslands sinni lögbundnu hlutverki sínu af heilindum og fagmennsku og viðhafi staðlaða, markvissa og gegnsæja stjórnsýslu. Jafnframt er mikilvægt að til starfa á Minjastofnun Íslands og í ráðgjafarnefndir hennar veljist bestu sérfræðingar sem völ er á hverju sinni.

MARKMIÐ

ÖFLUGT STARF MINJAVÖRSLUNNAR SEM EINKENNIST AF OPINNI OG GEGNSÆRRI STJÓRNSÝSLU SEM HEFUR ÖRYGGI MENNINGARMINJA OG JÁKVÆTT SAMSTARF AÐ LEIÐARLJÓSI

UNDIRMARKMIÐ |

1. GEGNSÆ OG OPIN STJÓRNSÝSLA MEÐ ÁHERSLU Á FAGMENNSKU OG ÁREIÐANLEIKA

Efla skal starfsemi Minjastofnunar og auðvelda aðgengi almennings, fjölmiðla og hagsmunaaðila að upplýsingum sem ekki falla undir takmarkanir vegna einkahagsmuna, persónuverndarsjónarmiða eða annarra þátta. Einnig skal samræma betur verkferla innan stofnunarinnar svo ljóst sé að jafnræðis sé ætíð gætt og unnið að úrlausn mála af ýrústu fagmennsku.



Ljósastarahús á
Seltjarnarnesi

Geldingaholt í Skagafirði

Við Eldvatn í landi
Eystri Ása, Skaftártungu

2. ÖFLUGT OG JÁKVÆTT SAMSTARF VIÐ HAGSMUNAAÐILA

Minjastofnun Íslands skal eiga gott samstarf við alla þá sem vinna við minjavörslu á Íslandi eða hafa áhrif á tilvist og varðveislu fornleifa, húsa og mannvirkja í störfum sínum. Gott samstarf eykur upplýsingaflæði og eflir traust á milli aðila. Með því má dýpka skilning á mikilvægi minjaverndar og bæta öryggi menningarminja í landinu. Jákvæðni í samskiptum er lykilatriði og er mikilvægt að stofnunin hafi frumkvæði að traustum samskiptum við hagsmunaaðila.

3. EFLA MARKVISST EFTIRLIT MEÐ MENNINGARMINJUM AUK ÁÆTLANAGERÐAR TIL AÐ TRYGGJA ÖRYGGI MINJANNA OG SPORNA VIÐ ÓTÍMABÆRRI EYÐINGU ÞEIRRA

Markmiðið er víðtækt og snýr m.a. að markvissu eftirliti með styrktum verkefnum, áætlanagerð í tengslum við menningarminjar í niðurniðslu/hættu og gerð verndaráætlana. Efla skal sýnilegt eftirlit með menningarminjum sem og framkvæmdum og verkefnum er snerta menningarminjar og geta haft áhrif á varðveislu þeirra. Öflugt eftirlit minnkar ekki einungis líkurnar á að menningarminjar verði fyrir skemmdum heldur geta upplýsingar sem til verða við eftirlit orðið til að auka þekkingu á menningarminjum í landinu og leggja grunn að farsælu samstarfi við framkvæmdaaðila, rannsakendur og aðra hagsmunaaðila.

4. FRIÐLÝSTAR MENNINGARMINJAR FÁI AUKNA ATHYGLI OG VERNDUN ÞEIRRA SÉ SINNT AF KOSTGÆFNI

Friðlýstum menningarminjum skal sinnt með verðugum hætti og auka þannig veg þeirra í samfélaginu. Efla skal eftirlit með friðlýstum menningarminjum og hafa til taks áætlanir um viðhald og viðgerðir. Minjastofnun skal vinna að því að auka skilning Íslendinga á virði friðlýstra eigna fyrir eigendur og samfélagið allt og einnig þeim tækifærum sem felast í að eiga friðlýstar menningarminjar.

5. EFLA FRÆÐSLU OG EFTIRLIT VEGNA FLUTNINGS MENNINGARVERÐMÆTA Á MILLI LANDA

Málefni menningarverðmæta sem flutt eru frá Íslandi hafa lengi verið lítt kunn og fáir aðrir en fagfólk þekkja til ákvæðisins sem kveður á um að sækja þurfi um leyfi til slíks útflutnings. Minjastofnun þarf að efla kynningu á lögum, gera ferla leyfisumsóknna og leyfisveitinga einfalda og hraðvirka og auka samstarf og samskipti við aðila sem þessi mál varða. Mikilvægt er að almenningur þekki til ákvæða laganna og geri sér grein fyrir því að nauðsynlegt er að sækja um leyfi til inn- og útflutnings menningarminja.

6. EFLA FRÆÐSLU OG STUÐLA AÐ UPPBYGGINGU VERNDARSVÆÐA Í BYGGÐ

Með lögum um verndarsvæði í byggð er Minjastofnun falið að veita sveitarstjórnnum ráðgjöf við val og mat á varðveislugildi byggðar sem sveitarfélag kann að hafa hug á að varðveita út frá listrænum, byggingarsögulegum eða almennum sögulegum forsendum. Um er að ræða mikilvægt varðveisluverkefni fyrir íslenskt samfélag og ber Minjastofnun að leggja sig fram við að aðstoða sveitarfélög vegna vinnu þeirra við verndarsvæði í byggð.



Bogabru á Bragðavöllum 2, Djúpanvogshreppi

2. VITUNDARVAKNING OG MIÐLUN

Efla þarf vitund almennings um mikilvægi menningarminja og verndar þeirra. Bæta þarf miðlun og aðgengi að upplýsingum og efla jákvæða umfjöllun um minjavernd og menningarminjar. Minjastofnun stendur ekki ein að vernd fornleifa, húsa og mannvirkja heldur fer slík verndun einnig fram úti í samfélaginu. Fagfólk sem starfar við menningarminjar, áhugafólk um land allt, sveitarstjórnir og aðrir hagsmunaaðilar fjalla á hverjum degi um málefni fornleifa, húsa og mannvirkja og taka ákvarðanir sem kunna að snerta tilvist þeirra og framtíð. Það er mikilvægt að þessir aðilar hafi þekkingu og skilning á lagaumhverfi minjaverndar og stefnu Minjastofnunar í málaflokknum. Markmiðið er að efla þekkingu íbúa landsins á menningarminjum og minjavernd og skilning á mikilvægi málaflokksins og þess að ganga vel og af virðingu um menningarminjar.

MARKMIÐ

VITUNDARVAKNING Í TENGLUM VIÐ
MENNINGARMINJAR OG MINJAVERND

UNDIRMARKMIÐ |

1. KYNNING Á STARFSEMI MINJASTOFNUNAR ÍSLANDS MEÐ JÁKVÆÐNI AÐ LEIÐARLJÓSI

Nauðsynlegt er að auka þekkingu íbúa landsins á Minjastofnun Íslands og starfsemi hennar, ekki síst til að almenningur viti hver fer með stjórn-sýslu menningarminja og hvert sé hægt að leita til að fá ráðgjöf um menningarminjar og vernd þeirra. Öll miðlun um starfsemi stofnunarinnar skal efl-d og hún gerð sýnilegri. Mikilvægt er að hafa jákvæðni að leiðarljósi í allri umræðu um minjavernd og menningarminjar. Þannig er hægt að efla jákvæða og áhugaverða umræðu og sýn á málaflokkinn.

2. FJÖLÞÆTT OG AÐGENGILEG MIÐLUN Í TENGLUM VIÐ MINJAVERNÐ

Nauðsynlegt er að auka fjölbreytni í miðlun um jarðfastar menningarminjar. Minjastofnun skal leitast við að auka stafræna miðlun um fornleifar, hús og mannvirki, m.a. með samstarfi við aðila utan stofnunar sem og aukinni notkun internets og snjallsíma. Miðlunin þarf einnig að vera aðgengileg, bæði þannig að auðvelt sé að nálgast efnið og skilja það. Einnig þarf Minjastofnun að stuðla að aukinni miðlun á heimasíðu stofnunarinnar og í fréttamiðlum.

3. ÖFLUGT STARF MINJARÁÐA

Minjaráðin skulu vera nægilega öflug til að íbúar minjasvæðanna skynji þau sem bakhjarla menningarminja á svæðinu og snúi sér til fulltrúa ráðsins með spurningar og athugasemdir. Þannig verða minjaráðin til að efla grasrótastarf og aðkomu samfélagsins að minjavernd. Minjastofnun skal stuðla að kynningu minjaráða í héraði og tryggja samræmt starf þeirra um allt land en veita þeim jafnframt svigrúm til að laga sig að einkennum hvers svæðis fyrir sig.



Steinahellir undir Eyjafjöllum

3.

EFLING SKRÁNINGAR JARÐFASTRA MENNINGARMINJA OG AÐGENGI AÐ GÖGNUM

Þekking um tilvist menningarminja, umfang þeirra og eðli er grundvöllur minja-verndar og forsenda allrar yfirsýnar, forgangsröðunar og áætlanagerðar er þær snerta. Þessi þekking er sköpuð með því að vettvangsskrá menningarminjar og færa þær upplýsingar sem fást með vettvangsskráningu í aðgengilega gagnagrunna. Þótt skráning teljist til rannsókna er hún nefnd hér sérstaklega vegna mikilvægis hennar og þess hve skráning jarðfastra minja er í mörgum tilfellum skammt á veg komin hérlandis. Mikilvægt er að bregðast við þeirri stöðu hratt og örugglega.

Í kjölfar skráningar í öllum minjaflokkum þarf að forgangsráða minjum, gera eftirlits-, viðhalds- og viðbragðsáætlanir og skipuleggja næstu skref í verndun þeirra. Forgangsráða þarf með tilliti til verndunar, viðhalds og nýtingar og horfa til forgangsröðunarinnar t.a.m. í tengslum við úthlutun fjármagns úr fornminja- og húsafriðunarsjóðum.

MARKMIÐ

AUKIN ÁHERSLA Á VETTvangSSKRÁNINGU
MENNINGARMINJA ENDA ER HÚN FORSENDA
UPPLÝSTRAR ÁKVARÐANATÖKU Í TENGLUM
VIÐ VARÐVEISLU MINJA Í UMHVERFINU,
NÝTINGU ÞEIRRA OG RANNSÓKNIR

Skráningin sjálf er þó ekki það eina sem þarf að huga að heldur einnig geymsla skráningargagna og aðgengi að þeim. Minjastofnun Íslands lagði grunn að landfræðilegum gagnagrunni yfir fornleifar og byggingar með opnun minjavefsjár Minjastofnunar árið 2011. Að baki vefsjánni er landupplýsingagrunnur sem ætlað er að varðveita upplýsingar um fornleifar, hús og mannvirki sem skráð hafa verið á vettvangi. Minjavefsjain og gagnagrunnunum að baki henni er ætlað að verða eitt meginverkfæri Minjastofnunar til að öðlast þá yfirsýn sem henni er nauðsynleg til að gegna hlutverki sínu.

UNDIRMARKMIÐ |

1. GAGNAGRUNNAR OG MINJAVEFSJÁ SÉU NOTENDAVÆN OG AÐGENGILEG

Gott aðgengi almennings að gagnagrunnum og minjavefsjá er mjög mikilvæg leið til upplýsingamiðlunar. Ekki er síður nauðsynlegt að viðmótið sé notendavænt fyrir þá sem þurfa að færa inn gögn, sækja gögn eða vinna með þau á annan hátt. Sameina þarf skráningu fornleifa og byggingararfs í minjavefsjá Minjastofnunar og hafa vefsjána aðgengilega og eins einfalda í notkun og hægt er. Einnig þarf Minjastofnun að innheimta eldri gögn og færa þau inn í sameiginlegan gagnagrunn þar sem þau verða aðgengileg ásamt nýjum gögnum.

2. AUKINN ÞUNGI LAGÐUR Á VETTVANGSSKRÁNINGU MENNINGARMINJA OG SAMRÆMINGU VERKLAGS VIÐ SKRÁNINGARVINNU

Minjastofnun skal vinna að greiningu og áætlanagerð vegna vettvangsskráningar. Stofnunin skal beita sér fyrir því að finna leiðir til að auka fjármagn til skráningar og þannig hraða henni, en nauðsynlegt er að yfirsýn yfir minjaflokkana fáið sem fyrst. Ekki nægir að skrá allar menningarminjar á vettvangi heldur þarf verklag við skráningu að vera samræmt, ekki síst til þess að hægt sé að gera skráningargögnin aðgengileg í minjavefsjá Minjastofnunar. Minjastofnun stuðlar að því með gerð staðla og leiðbeininga og endurskoðun þeirra eftir þörfum.



4.

EFLING RANNSÓKNA Á JARÐFÖSTUM MENNINGARMINJUM

Rannsóknir eru mikilvægur þáttur í minjavernd og skapa ekki einungis nýja þekkingu heldur vekja athygli á málaflokknum út á við og hvetja til jákvæðrar og áhugaverðrar umræðu. Rannsóknir á menningarminjum skulu styðja við markmið laga um menningarminjar sem er að stuðla að verndun þeirra til framtíðar. Vísindalegt gildi rannsókna á að vera grunnstefið í rannsóknaráætlunum auk þess sem rannsóknir skulu hafa samfélagslegt gildi sem m.a. er hægt að ná með vandaðri úrvinnslu og miðlun niðurstaðna til samfélagsins, ekki síst nærsamfélagsins.

MARKMIÐ

EFLING RANNSÓKNA Á JARÐFÖSTUM
MINJUM MEÐ FAGMENNSKU Í FYRIRRÚMI



5. SJÁLFBÆR NÝTING JARÐFASTRA MINJA Í ÞÁGU SAMFÉLAGSINS

Besta varðveisla menningarminja, einkum húsa og mannvirkja, felst í að nýta þær en jafnframt virða minjarnar og sérkenni þeirra. Verndun með nýtingu er meginhugsun nútíma húsverndar. Slík nýting skal vera sjálfbær, þ.e. hún má ekki ganga á verðmætin sem í byggingunni felast þótt sum tilvik kalli á ákveðnar málamiðlanir svo mögulegt sé að nýta bygginguna. Nýting er ekki einungis mikilvæg fyrir varðveislu húsa og mannvirkja heldur einnig fornleifa. Fornleifar er m.a. hægt að nýta í þágu samfélagsins í ferðaþjónustu eða í nærsamfélaginu til áttthagakennslu skóla eða til útivistar. Menningarminjar geta þannig verið samfélags- og efnahagsleg verðmæti fyrir það svæði sem þær eru hluti af. Það er nauðsynlegt að auka skilning íbúa svæðanna á mikilvægi menningarminja fyrir samfélagið, sjálfsmynd íbúanna, ímynd þeirra, sjálfsvirðingu og uppruna.

Mikilvægt er að allir sem koma að nýtingu fornleifa, húsa og mannvirkja og áætlanagerð þar um séu meðvitaðir um möguleika og takmörk nýtingarinnar. Nýting verður ætíð að vera í samráði við Minjastofnun Íslands. Menningarminjar eru takmörkuð auðlind og vandmeðfarin og er því mikilvægt að vel sé að nýtingarmálum staðið. Nauðsynlegt er að þeir fagaðilar sem koma að nýtingu

MARKMIÐ

NÝTING MENNINGARMINJA MEÐ SJÁLFBÆRNI AÐ
LEIÐARLJÓSI OG AUKIN ÁHERSLA Á SAMFÉLAGSLEGT
VERÐMÆTI PEIRRA

UNDIRMARKMIÐ |

1. FAGMENNSKA Í RANNSÓKNUM MEÐ AUKNUM KRÖFUM TIL RANNSAKENDA

Leggja þarf áherslu á fagmennsku í rannsóknum með því að auka kröfur til rannsakenda. Niðurstöðum skal miðlað áfram til fræðasamfélags og almennings enda eru flestar rannsóknir unnar fyrir skattfé og því æskilegt að þær skili sér aftur út í samfélagið í formi þekkingar. Huga skal að miðlun niðurstaðna strax í upphafi rannsókna og gera áætlanir þar að lútandi. Minjastofnun mun leggja sitt af mörkum til að kynna þær rannsóknir sem unnið er að og miðla helstu niðurstöðum þeirra til íbúa.

2. AUKIÐ SAMTAL MILLI MINJASTOFNUNAR ÍSLANDS OG RANNSAKENDA

Minjastofnun Íslands mun leggja sig fram um að eiga góð samskipti við rannsakendur menningarminja og bæta upplýsingagjöf, meðal annars með aukinni nýtingu samfélagsmiðla. Aukið samtal rannsakenda og Minjastofnunar skilar góðum og jákvæðum samskiptum sem og möguleikanum á auknu samstarfi við úrlausnir vandamála sem kunna að koma upp.

3. AUKIÐ GILDI FRAMKVÆMDARANNSÓKNA

Framkvæmdarannsóknir eru stór hluti þeirra fornleifarannsókna sem fara fram á landinu ár hvert og er mikilvægt að þekkingin sem þar skapast skili sér til landsmanna. Minjastofnun skal vinna að því að taka saman þessa þekkingu og miðla henni til almennings. Minjastofnun þarf að stuðla að auknum skilningi framkvæmdaaðila á gildi rannsókna og úrvinnslu þeirra. Það skal gert m.a. með því að auka samskiptin við þá og upplýsingagjöf til þeirra og sýna þeim að þekkingin sem skapast í framkvæmdarannsóknunum skiptir máli.

menningarminja hafi góða þekkingu á vinnu með minjar og að aðgengi þeirra að upplýsingum og leiðbeiningum sé gott. Æskilegt er að ákvarðanir um hvaða menningarminjar eru nýttar fyrir nærsamfélagið og hvernig staðið verði að nýtingunni séu teknar í samráði við íbúa. Mikilvægur vettvangur fyrir slíka umræðu er minjaráð hvers svæðis.

UNDIRMARKMIÐ |

1. AUKIN VITUND UM AÐ MENNINGARMINJAR SÉU HLUTI AF EFTIRSÓKNARVERÐUM LÍFSGÆÐUM OG ÁHERSLA Á VERNDUN MEÐ SJÁLFBÆRRI NÝTINGU, Þ.E. AÐ MINJAR SÉU NÝTTAR Í ÞÁGU NÚTÍMANS ÁN ÞESS AÐ GENGIÐ SÉ Á VERÐMÆTIN SEM Í ÞEIM FELAST

Auka þarf skilning á því að menningarminjar skapi aukin lífsgæði og geti skilað efnahags- og samfélagslegum ábata til þeirra svæða sem þær tilheyra og landsins alls. Menningarminjar gera umhverfið áhugaverðara og í mörgum tilfellum fallegra, jafnframt því sem minjarnar eru mikilvægur vitnisburður um sögu landsins. Sjálfbær nýting húsa og mannvirkja er forsenda verndunar þeirra og því mikilvægt að finna jafnvægi á milli nýtingar og verndunar með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi. Nýting má ekki ganga á verðmæti sem geta falist í menningarsögulegu eða listrænu gildi, byggingartækni eða fágæti fornleifa, húsa og mannvirkja, og ber að virða alla þessa þætti. Minjastofnun mun leggja sig fram við að veita hagsmunaaðilum upplýsingar um þann samfélags- og efnahagslega ábata sem menningarminjar geta skilað og stuðla að umræðu um sjálfbæra nýtingu fornleifa, húsa og mannvirkja.

2. STUÐLA AÐ ÞVÍ AÐ TILLIT SÉ TEKIÐ TIL MENNINGARMINJA VIÐ ÁÆTLANAGERÐ

Nauðsynlegt er að tekið sé tillit til jarðfastra menningarminja þegar unnar eru áætlanir sem kunna að hafa rask eða breytingar á umhverfi þeirra í för með sér. Slíkar áætlanir geta verið skipulags- og framkvæmdaáætlanir eða áætlanir í ferðaþjónustu, og er mikilvægt að menningarminjar séu hafðar með strax á fyrstu stigum í allri slíkri áætlanagerð. Þannig er hægt að nýta menningarminjarnar til hins ýtrasta fyrir svæðið en einnig gera ráð fyrir þeim takmörkunum á framkvæmdum sem tilvist þeirra kann að hafa í för með sér. Allar áætlanir um nýtingu fornleifa, húsa og mannvirkja þarf að vinna í samstarfi við Minjastofnun. Stofnunin mun koma með opnum huga til umræðu um nýtingu menningarminja og þá möguleika sem felast í nýtingu fyrir samfélagið.

3. AUKINN AÐGANGUR AÐ FRÆÐSLU FYRIR ÞÁ SEM NÝTA MENNINGARMINJAR EÐA HAFU MEÐ VIÐHALD ÞEIRRA AÐ GERA

Þeir sem nýta menningarminjar eða sinna viðhaldi þeirra verða að hafa greiðan aðgang að fræðslu og upplýsingum um minjarnar og þá aðferðafræði sem beita skal við viðhald þeirra. Auka þarf aðgang almennings að upplýsingum og fræðslu m.a. með það í huga að eigendur friðaðra og friðlýstra húsa geti, ef þeir svo kjósa, sinnt grunnviðhaldi á húsum sínum og viti hvert eigi að leita eftir ráðgjöf. Minjastofnun mun auka frumkvæði sitt við slíka ráðgjöf, m.a. með því að útbúa upplýsingaefni og leiðbeiningar, halda fræðsluerindi/námskeið og færa fræðslu og ráðgjöf nær íbúum á landsbyggðinni.



Sæbólskirkja á Ingjaldssandi, Ömundarfirði

6. SAMVINNA OG AÐKOMA ALMENNINGS AÐ MINJAVERND

Þátttaka almennings í minjavernd getur verið af ýmsum toga. Sem stendur er mikilvægast að auka vitund um menningarminjar í nærumhverfinu. Stefna um þátttöku almennings í minjavernd er nýlunda héraendis og byggir m.a. á [Namur samþykktinni frá 2015](#), [Faro samþykktinni frá 2005](#) og [stefnu Evrópu í minjavernd fyrir 21. öldina](#). Mikilvægt er að standa vel að aðkomu almennings að þessum málum á næstu árum, enda getur ávinningur af slíku starfi verið mikill fyrir minjavörsluna. Hér eru mikil sóknarfæri því ljóst er að með aukinni þekkingu fólks á menningarminjum í nærumhverfinu er auðveldara að tryggja öryggi minjanna. Hér er lögð áhersla á eftirfarandi: þekking > virðing > öryggi.

MARKMIÐ

AUKIN AÐKOMA ALMENNINGS AÐ MINJAVERND
OG EFLING ÞEKINGAR ALMENNINGS Á MINJUM
Í NÆRUMHVERFI SÍNU

UNDIRMARKMIÐ |

1. AUKIN VITUND UM MENNINGARMINJAR OG MENNINGARLANDSLAG Í UMHVERFI HVERS OG EINS

Mikilvægt er að landsmenn þekki menningarminjar á sínu búsetusvæði og skynji menningarlandslagið sem þeir lifa og hrærast í. Minjastofnun skal stuðla að aukinni þekkingu landsmanna á menningarlandslaginu t.a.m. með því að merkja jarðfastar menningarminjar í meira mæli og hvetja hagsmunaaðila til að gera það einnig, í samráði við stofnunina. Stofnunin skal halda viðburði sem leggja áherslu á menningarminjar og miðla viðburðum, sem haldnir eru af öðrum aðilum í sama tilgangi.

2. EFLING GRASRÓTARINNAR, AUKNIR MÖGULEIKAR Á ÞÁTTTÖKU ALMENNINGS Í MINJAVERND OG SÓKN Í SLÍKA ÞÁTTTÖKU

Þátttaka almennings í verndun menningarminja getur verið með ýmsum hætti. Með aukinni vitund og þekkingu á menningarminjum geta landsmenn látið vita ef menningarminjar liggja undir skemmdum eða hættu er á að þær skaðist vegna framkvæmda. Fræðsla eykur líkur á að almenningur átti sig á því hvað er eðlilegt og hvað ekki í umgengni við menningarminjar. Áhugamannafélög og hollvinasamtök sem starfa í þágu menningarminja eru góð leið til þess að beisla áhuga og atorku almennings og er mikilvægt að hlúa vel að þeim. Minjastofnun mun beita sér fyrir því að efla samskiptin við þessa aðila. Minjastofnun þarf að byggja upp ramma fyrir aðkomu

almennings að minjavernd og hvernig hægt er að veita dugnaði og þekkingu fólks í réttan farveg. Aukin aðkoma almennings að minjavernd eykur öryggi menningarminja en einnig áhuga og ánægju fólks af menningarminjum í nærumhverfi sínu.



Síglunes við Siglufjörð



Kálfaströnd í Mývatnssveit



Á strönd Skotlands

EFTIRFYLGNI / ENDURSKOÐUN

Stefnunni er ætlað að gilda til ársins 2020 og skal vinna við nýja stefnu hefjast árið 2019.

Ábyrgð á framkvæmd stefnunnar er á hendi Minjastofnunar Íslands.

Þau verkefni sem eru í aðgerðaáætlun eiga að tryggja að markmið stefnunnar náist.

Aðgerðaáætlunin er uppfærð á milli ára og oftár eftir þörfum. Hægt er að nálgast gildandi aðgerðaáætlun á heimasíðu Minjastofnunar:

www.minjastofnun.is.